

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 23. mars 2009

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Fyrir liggur m.a. umræða um sumarlokun leikskóla. Einnig var rætt um að stofna þurfi foreldrafélag við Vallaból.

Fræðslunefnd mælir með að foreldrafélag verði stofnað við Vallaból og Ingu falið að skoða það. Jóhanna sagði frá því að fyrirhugað er að námskrá verði fyrirbyggjandi fyrir Vallaból fyrir haustið. Jóhanna er ráðin sem faglegur ráðgjafi við leikskólann út maí. Fyrirhugað er að halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk grunnskólans og leikskólans. Inga hefur hug á að afleysingafólk taki líka þátt.

Fræðslunefnd leggur til sumarlokun í júlí með fyrirvara um niðurstöður könnunar meðal foreldra leikskólabarna. Jóhanna leikskólastjóri á Blönduósi og Inga leikskólastjóri sátu fundinn og viku af fundi.

Rætt var um að útbúnað verði verklagsreglur varðandi sundferðir leikskólabarna.

Ægir kynnti bréf frá Yrkjusjóði – hægt er að fá plötur hjá sjóðinum – fyrir grunnskólabörn. Þetta verður tekið fyrir á næsta fundi.

Ýmislegt fleira var rætt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

Pétur Pétursson (sign)

Eline Schrijver (sign)

Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)